

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 27/2009**

**frá 17. mars 2009**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2009 frá 5. febrúar 2009 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 597/2008 frá 24. júní 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 372/2007 þar sem mælt er fyrir um bráða-birgð aflæðimörk fyrir mýkiefni í þéttingum í lokum sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/60/EB frá 17. júní 2008 um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir sætuefni til notkunar í matvælum (kerfisbundin útgáfa) <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/478/EB frá 17. júní 2008 um breytingu á ákvörðun 1999/217/EB að því er varðar skrána yfir bragðefni sem eru notuð í eða á matvælum <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2008/103/EB frá 4. febrúar 2008 um samræmda vöktunaráætlun Bandalagsins fyrir árið 2008 í því skyni að tryggja að virt séu ákvæði um hámarksgildi varnarefnaleifa í og á kornvörum og tilteknum öðrum vörum úr jurtaríkinu og um landsbundnar vöktunaráætlanir fyrir árið 2009 <sup>(5)</sup>.
- 6) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2008/60/EB fellur úr gildi tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/31/EB <sup>(6)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 7) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*l. gr.*

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 73, 19.3.2009, bls. 38, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 16, 19.3.2009, bls. 9.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 164, 25.6.2008, bls. 12.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 158, 18.6.2008, bls. 17.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 163, 24.6.2008, bls. 42.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 36, 9.2.2008, bls. 7.

<sup>(6)</sup> Stjtið. **EEB** L 178, 28.7.1995, bls. 1.

XII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Brott falli fjórði undirliður (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/31/EB) 16. liðar (tilskipun ráðsins 78/663/EBE) og texti liðar 46a (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/31/EB).
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54v (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB):  
„– **32008 D 0478**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/478/EB frá 17. júní 2008 (Stjtíð. ESB L 163, 24.6.2008, bls. 42).“
3. Eftirfarandi bætist við í lið 54zzzr (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 372/2007):  
„eins og henni var breytt með:  
– **32008 R 0597**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 597/2008 frá 24. júní 2008 (Stjtíð. ESB L 164, 25.6.2008, bls. 12).“
4. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 54zzzx (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 345/2008):  
„54zzzy. **32008 L 0060**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/60/EB frá 17. júní 2008 um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir sætuefni til notkunar í matvælum (kerfisbundin útgáfa) (Stjtíð. ESB L 158, 18.6.2008, bls. 17).“
5. Eftirfarandi liður bætist við undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MIÐ AF*“ á eftir 64. lið (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2007/196/EB):  
„65. **32008 H 0103**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2008/103/EB frá 4. febrúar 2008 um samræmda vöktunaráætlun Bandaíagsins fyrir árið 2008 í því skyni að tryggja að virt séu ákvæði um hámarksgildi varnarefnaleifa í og á kornvörum og tilteknum öðrum vörum úr jurtaríkinu og um landsbundnar vöktunaráætlanir fyrir árið 2009 (Stjtíð. ESB L 36, 9.2.2008, bls. 7).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 597/2008, tilskipunar 2008/60/EB, ákvörðunar 2008/478/EB og tilmæla 2008/103/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2009.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

*Alan Seatter*

formaður.